



## Vísinda- og tækniráð

### Klasar

Umræðuskjal fyrir fund ráðsins, 13. desember 2006

*Klasi er landfræðileg þyrping tengdra fyrirtækja, birgja, þjónustuaðila, fyrirtækja í tengdum atvinnugreinum og stofnana á sérhæfðum sviðum sem eiga í samkeppni og einnig í samvinnu.*

Margar þjóðir styðja sérstaklega **samstarf um nýsköpun innan klasa til eflingar landssvæðum í svæða-, byggða-, nýsköpunar- og atvinnustefnu**. Klasahugtakið hefur verið ofarlega í alþjóðlegri umræðu um samkeppnishæfni, atvinnuþróun og nýsköpun. Silicon Valley í Kaliforníu, Medicon Valley í Suður-Svíþjóð og Kaupmannahöfn, iðnsvæðin á Norður-Ítalíu eru dæmi þar sem öflugir klasar hafa vakið athygli sem mikilvæg uppspretta nýsköpunar.

Klasaverkefni má skilgreina sem **sameiginlegt átak atvinnulífs og hins opinbera** til að efla samkeppnishæfni atvinnusvæða og einstakra klasa fyrirtækja, stofnana og háskóla á skilgreindum sviðum. Meginmarkmiðið er að efla tengsl milli fyrirtækja, opinberra stofnana, háskóla- og rannsóknastofnana, svo stefnumörkun og áherslur fyrirtækja, stofnana og stjórnvalda leggist á eitt við að efla samkeppnishæfni og ávinning. Á Norðurlöndunum hefur þetta samspil verið kallað „The Triple Helix“.

Algenzt er að fyrirtæki taki höndum saman t.d. um sameiginleg innkaup frá sérhæfðum birgjum og þjónustuaðilum, lágmarkun viðskiptakostnaðar, nýtingu sérhæfðs vinnuafis, flutninga, markaðsmál, útflutning, viðskiptaaðstoð og stjórnunar- og tækniþjálfun. **Klasar hafa gefið góða raun við hagnýtingu rannsókna- og þróunarvinnu þar sem rannsóknaaðilar og atvinnulíf standa að sameiginlegum verkefnum en opinberir aðilar veita aðstoð með kaupum á frumgerðum m.a. í gegnum opinbera innkaupastefnu, staðlavinnu, ofl.** Á þennan hátt kemst rannsóknastarfsemin í betri tengsl við áherslur og þarfir atvinnulífsins og atvinnulífið leitar til háskóla- og rannsóknasamfélags eftir hagnýtum afurðum og þekkingu.

**Sú spurning vaknar hvort gera ætti klasasamstarf að einum af hornsteinum vísinda- og tæknistefnu og efla þessa „þríþættu fléttu“ atvinnulífs, háskóla- og rannsóknastofnana og stjórnvalda til að efla nýsköpun og treysta samkeppnisstöðu á afmörkuðum sviðum.**

#### Áherslur Vísinda- og tækniráðs 2006-2009

Samkvæmt áherslum Vísinda- og tækniráðs 2006-2009 er lagt til að byggt verði upp mennta- og vísindakerfi sem er í fremstu röð meðal þjóða og starfar í nánum tengslum við atvinnulíf. **Sérstaklega er þess getið að horfa þurfi til tengsla háskóla og**

**rannsóknastofnana við samfélag, atvinnulíf og nýsköpun.** Ennfremur segir þar að vekja þurfi athygli fyrirtækja á niðurstöðum rannsókna sem gætu nýst við tækniþróun og nýsköpun.

Háskólar- og rannsóknastofnanir þurfa ekki aðeins að stunda fræðilegar rannsóknir heldur einnig að vekja athygli á niðurstöðum sínum og fást við viðfangsefni sem skipta þjóðfélagið máli og eru atvinnulífinu hugleikin á hverjum tíma. Samstarf og samskipti þessara aðila eru því verðmæt uppspretta hugmynda og þekkingar sem mögulegt er að hagnýta í samvinnu. til að efla nýsköpun. Klasasamstarf er hagnýt leið til að koma á samstarfi háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja og hrinda í framkvæmd áþreifanlegum verkefnum sem miða að því að ná fram markmiðum Vísinda- og tækniráðs.

### **Klasar hér á landi**

Samstarf opinberra aðila og einkaaðila er ekki nýtt fyrirbæri í atvinnulífi á Íslandi og eru til allmörg dæmi um klasa eða öflug samstarfsnet fyrirtækja. Nefna mætti djúpboranir á háhitasvæðum sem er samstarf orkufyrirtækja og rannsóknnaaðila þar sem Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Orkustofnun vinna að rannsóknum á orkunýtingu. Eins má nefna samstarf jarðvinnuverktaka á Austurlandi undir merkjum Héraðsverks sem var myndað af 20 fyrirtækjum til að bjóða í stærri verk en hvert og eitt fyrirtæki átti kost á. Samstarf og samstarfsvettvang á sviði sjávarútvegs hefur skilað verulegum árangri. Einnig má nefna heilbrigðistækni, líftækni, matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu, auk vaxtarsamninga víða um land sem hafa það meginmarkmið að byggja upp og efla klasa á kjarnasviðum viðkomandi svæða.

Í nágrannalöndunum, og víða annars staðar, hefur verið stuðst við klasasamstarf sem eina af fleiri leiðum til að koma opinberri stefnu á sviði vísinda, nýsköpunar og atvinnu- og tækniþróunar í framkvæmd. Spurningin er ef til vill ekki hvort aðferðafræðin sé viðeigandi, heldur hvernig megi nýta hana íslensku atvinnulífi, opinberum stofnunum og mennta- og rannsóknnaðilum til framdráttar.

**Sé svo þurfum við m.a. að gera okkur grein fyrir:**

- **hvar aðferðin hentar og hvar ekki?**
- **á hvaða sviðum ætti að hefja slíkt samstarf?**
- **hvert er hlutverk atvinnulífsins, háskóla- og rannsóknastofnana?**
- **hvert má sækja fyrirmyndir?**
- **hvernig á að leiða þessa aðila saman?**
- **hver og hvernig á að styðja við samstarf af þessu tagi?**
- **hvert er hlutverk hins opinbera?**